

AUGLÝSING

um viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

Hinn 15. september 1987 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt að nauðsynlegar ráðstafanir hefðu verið gerðar af Íslands hálfu fyrir gildistöku viðbótarsamnings við samning frá 9. nóvember 1972 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum (sjá auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1977). Viðbótarsamningurinn var undirritaður í Helsinki 18. febrúar 1987.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. september 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem óska að gera með sér viðbótarsamning við samning frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum eins og honum hefur verið breytt með viðbótarsamningi frá 21. júlí 1976 og frá 11. júní 1981, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I grein

1. gr. samningsins orðist svo:

„1. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að veita hvert öðru aðstoð í skattamálum samkvæmt samningi þessum varðandi:

- a) birtingu skjala,
- b) rannsóknir í skattamálum svo sem öflun framtala eða annarra upplýsinga og skipti á upplýsingum bæði án sérstakrar beiðni og samkvæmt beiðni hverju sinni,
- c) afhendingu framtalseyðublaða og annarra skattaeyðublaða,
- d) aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir í fleiri en einu ríki,
- e) skattgreiðslur,
- f) yfirfærslu á sköttum, svo og
- g) innheimtu skatta og ráðstafana til tryggingar á skattkröfum.“

II grein

20. gr. 1. mgr. umorðist svo:

„Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta gert með sér samkomulag um framkvæmd ákvæða þessa samnings. Þau geta einkum gert með sér samkomulag um skipti á upplýsingum samkvæmt 12. gr. h), um lágmarksfjárhæðir, sem æskja má innheimtu á, um aðstoð varðandi skatta og gjöld samkvæmt 2. gr. c), d), e) og f), um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir í fleiri en einu ríki, um skattgreiðslur eða um yfirfærslu skatta, enn fremur um vexti, málskostnað, féviti og aðrar þess háttar greiðslur sem á eru lagðar við skattálagningu eða innheimtu, um ákvörðun á gengi við umreikning á fjárhæðum sem innheimta á, svo og um reikningsskil á innheimtu fé.“

III grein

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll aðildarríkin hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að viðbótarsamningurinn hafi verið staðfestur. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag sem viðbótarsamningurinn tekur gildi.

Eftir að viðbótarsamningurinn hefur tekið gildi, skal ákvæðum hans beitt um mál, sem borist hafa eftir gildistöku til bærs stjórnvalds í því ríki, sem beiðni er beint til.

IV grein

Frumrit viðbótarsamnings þessa skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullgilt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Helsinki hinn 18. febrúar 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um samkomulag við Bandaríkin um hvalamálefni.

Með orðsendingaskiptum í Washington 14. og 15. september 1987 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna um hvalamálefni. Samkomulagið öðlaðist gildi 15. september 1987. Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. september 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.**a. Bréf setts viðskiptaráðherra Bandaríkjanna****a. Letter from Acting Secretary of Commerce**

Washington, 14. september 1987

Washington, September 14, 1987

Hr. Hörður H. Bjarnason
settur forstöðumaður sendiráðs Íslands
2022 Connecticut Avenue, N.W.
Washington, D.C. 20008.

Mr. Hordur H. Bjarnason
Charge d'Affaires ad interim
of Iceland
Embassy of Iceland
2022 Connecticut Avenue, N.W.
Washington, D.C. 20008

Hr. Bjarnason,

Ég rita yður vegna nýafstaðinna funda milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkjanna vegna hugsanlegrar staðfestingar-kæru gegn Íslandi samkvæmt Pelly viðaukalögunum við lög um verndun fiskimanna.

Dear Mr. Bjarnason:

I am writing to you regarding the recent meetings between representatives of the Government of Iceland and the Government of the United States concerning possible certification of Iceland under the Pelly Amendment to the Fishermen's Protective Act.